



Reglur um sjúkrakennslu við Grunnskóla Vestmannaeyja

Reglur þessar byggja á 23. grein um sjúkrakennslu í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir. Í reglugerð um sjúkrakennslu segir:

- Nemandi, sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, á rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Kennslan getur að hluta til farið fram sem fjarkennsla eða dreifnám undir leiðsögn kennara og effirliti foreldra eða starfsmanna sjúkrastofnana að höfðu samráði við grunnskóla viðkomandi nemanda. Ákvæði þetta tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa skemur en viku.
- Nemandi á rétt á sjúkrakennslu um leið og hann að mati læknis getur lagt stund á nám og skal lengd daglegrar eða vikulegrar sjúkrakennslu miðast við ástand hans og þrek. Markmið sjúkrakennslu er að nemandi missi sem minnst af kennslu og verði ekki af tækifærum til náms vegna slyss eða langvarandi veikinda.
- Skólastjóri ákveður í samráði við lækni og foreldra, umfang og nánara fyrirkomulag kennslunnar. Hann ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkrakennsla sé veitt. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár til lengri eða skemmri tíma þar sem tekið er mið af aðstæðum, veikindum og þörfum nemanda.
- Nýta skal upplýsinga- og samskiptatækni eins og kostur er þegar sjúkrakennsla er skipulögð. Þá skal nemandi eiga þess kost að tengjast skólanum sínum og umsjónarhópi sem best eftir því sem aðstæður og ástand hans leyfir.
- Um kostnað af sjúkrakennslu nemenda fer samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og samnings sem gerður er á grundvelli þeirra.

Sjúkrakennsla getur einnig komið til ef mætingar nemenda í skólann eru slitróttar vegna langvarandi veikinda. Það er alltaf á ábyrgð nemenda, og forráðamanna þeirra, að halda áfram námsvinnu meðan á stuttum veikindaleyfum stendur.

Skólastjóri GRV tekur ákvörðun um og ber ábyrgð á framkvæmd sjúkrakennslu í samræmi við ákvæði 23. gr. reglugerðar nr. 585/2010 og eftirfarandi reglur um framkvæmd sjúkrakennslu í GRV:

1. Ákvörðun skólans um sjúkrakennslu skal byggð á mati læknis og forráðamanna. Skólar skulu óska eftir læknisvottorði eða öðrum nauðsynlegum upplýsingum frá lækni.
2. Nemendur sem sinna ekki námi sem skyldi, t.d. vegna hegðunarerfiðleika að slakra mætinga, geta fengið sambærilega kennslu og sjúkrakennsla er meðan mál þeirra er í vinnslu. Ákvörðun skal tekin í samráði við skólaskrifstofu og forráðamenn og hún jafnframt, eftir atvikum, tilkynnt til barnaverndar.
3. Fjarvera frá skóla er að lágmarki fimm skóladagar áður en sjúkrakennsla hefst. Ákvörðun um sjúkrakennslu byggir á mati á því hversu langan tíma líklegt er að nemandinn geti ekki mætt í skóla vegna veikinda, slyss eða annarra sérstakra aðstæðna.
4. Ákvörðun um sjúkrakennslu skal ávallt tilkynnt nemendaverndarráði og fræðslufulltrúa.
5. Skólastjóri sækir um tímamagn vegna sjúkrakennslu til skólaskrifstofu. Úthlutun tímamagns er tímabundin ráðstöfun og endurskoðuð reglulega í samvinnu við forráðamenn og skóla.
5. Markmið með sjúkrakennslu er að nemandi geti fylgt námskrá eins og kostur er. Vinna þarf einstaklingsnámskrá þar sem fram kemur hvornig námsgreinum er forgangsraðað. Forráðamenn þurfa að samþykkja námskrána.
6. Sjúkrakennsla fer að öðru jöfnu fram á heimili nemanda, í fjarnámi og/eða dreifinámi. Gott samstarf skóla og forráðamanna er lykilatriði. Forráðamenn bera ábyrgð á að aðstæður séu heppilegar og/eða að koma nemanda í sjúkrakennsluúrræði utan heimilis. Skóli þarf að veita allar upplýsingar um námsmarkmið, námsefni, vinnulag og annað það sem stuðlar að árangri kennslunnar.